# FYNDNI

## Eðli kýmninnar.

1 blað

5

### Fyndni.

Fátt mun betur lýsa skapferli manna, einstaklinga og þjóða, en fyndni þeirra, kýmnisögur og hnyttileg tilsvör. Eru ekki kýmnisögur Dana og skrítlur þeirra, merkilegar fyrir þá: mestmegnis marklaust og léttúðugt orðaskvaldur, staðarhugtök um menn og málefni, sem eiga jafnvel hvergi við, nema hjá þeim? Eða eru ekki skrítlur Svía auðkennandi fyrir þá: Djarflegar lýsingar á háttum og siðum þeirra eigin þjóðar, en um leið flestra annarra þjóða? Og hvernig er það svo yfirleitt með okkur Íslendinga í þessu efni? Því verður mér best lýst með minni eigin reynslu. Ég hefi um langt skeið safnað ísl. kýmnisögum og skrítlum og fengið þær í þúsundatali víðsvegar að af landinu; og hefi þegar skrifað um 3400 þeirra til undirbúnings prentunar, en á annað eins eða meira í handritum, sem ég fyrir mitt leyti tel að ekki sé í húsum hæft og að ekki geti komið til mála að birta opinberlega, vegna þess, hve klúrar þær eru og jafnvel klámfengnar. Vitanlega eru margar undantekningar frá þessu, einkum hvað þær skrítlur áhrærir, sem ég hefi búið undir prentun, en margar lýsa þær þó þjóðinni á þann veg, að hún festi frekar augu á því sem aflaga fer og hlægilegt er, með illkvittni og ótuktarskap og noti það sem vopn, en það er síður en svo að það sé beittasta vopnið. Því er eins varið með skrítlurnar og kýmnisögurnar, eins og háðkveðskapinn, að þær eiga að benda mönnum á misfellurnar í fari einstaklinga og þjóða, án þess að særa tilfinningar manna of mjög og þeim er beinlínis ætlað að gera þetta og þá verða þær eitt hið besta uppeldismeðal og öruggasta vopnið í höndum þeirra sem með kunna að fara, til þess að þær nái tilgangi sínum. Svo er og önnur hlið til á þessu máli, það eru skammirnar. Fáum þjóðum, öðrum en Íslendingum, munu skammirnar vera eðlilegri og því miður kærkomnari. Þá geta þær verið a.m.k. með tvennum móti: Særandi brigslyrði, órökstuddir sleggjudómar, ódrengileg ósannindi og ærumeiðingar, jafnvel þó ekki ríði þær í bága við alm. hegningarlög, en þær geta líka verið hollar og hressandi áminningar, bendingar um það sem betur má fara, hlægilegar fyndnar ádeilur o.s.frv. og þá ná þær tilgangi sínum.